LANDSPÍTALI

# ERINDISBRÉF

# Fagráð Landspítala

**Tilgangur og hlutverk**

Samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu skal starfa sérstakt fagráð á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu. Forstjóri heilbrigðisstofnunar skipar í fagráðið og ber honum að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunar, sbr. 13. gr. laganna.

Fagráð Landspítala er skipað sjö fulltrúum starfandi fagstétta innan stofnunarinnar og er skipunin til þriggja ára í senn. Forstjóri skipar að fengnum tilnefningum einn fulltrúa hjúkrunarfræðinga, einn fulltrúa lækna og einn fulltrúa sjúkraliða. Þremur sætum er skipt á milli rannsóknastétta, þjálfunarstétta og viðtalsstétta. Sjöundi fulltrúi fagráðsins er skipaður af forstjóra án tilnefningar.

Í reglugerð nr. 111/2020 um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa er kveðið nánar á um hlutverk fagráðs. Fagráð skal:

- Kjósa sér formann og annan til vara
- Setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra
- Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

**Fagráð skipa**

F.h. hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra: Marta Jóns Hjördísardóttir, hjúkrunarfræðingur
F.h. lækna: Þórunn Jónsdóttir, læknir
F.h. sjúkraliða: Jakobína Rut Daníelsdóttir, sjúkraliði
F.h. rannsóknarstétta: Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, náttúrufræðingur
F.h. þjálfunarstétta: Halldóra Eyjólfsdóttir, sjúkraþjálfari
F.h. viðtalsstétta: Erla Björg Birgisdóttir, sálfræðingur
Skipuð án tilnefningar í febrúar 2023: Signý Sveinsdóttir, hjúkrunarfræðingur

**Skipunartími og endurskoðun**

Skipunartími fagráðs Landspítala er til þriggja ára frá 1. maí 2021.

Landspítali, 28. febrúar 2023,

Runólfur Pálsson, forstjóri